


45CA)

SILUNGSVEIDITJÖRN VID GERÐI, SÆLINGSDAL
UMSÖGN VEIÐIMÁLASTOFNUNAR

Jón Örn Pálsson
&
Sigurður Már Einarsson

Borgarnes, október 1991 VMST-V/91024X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild
Fiskirækt og fiskeldi ■ Rannsóknir og ráðgjöf

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
S: 93-71197/71097
Fax: 93-71048

INNGANGUR

Að beiðni landeigenda á Gerði í Hvammssveit, er hér gefin umsögn vegna tjarnar sem gerð hefur verið í landi bæjarins. Þar er fyrirhugað að sleppa eldissilung til stangveiða. Þann 25. september 1991 fór undirritaður og kannaði aðstæður. Fjallað er um staðhætti, uppbyggingu og notkun tjarnarinnar, auk þess sem gerð er grein fyrir lögum og reglugerðum sem fjalla um slíka starfsemi.

STADHÆTTIR

Bærinn Gerði stendur undir Tungumúlanum í austanverðum Sælingsdal. Þar hefur ekki verið stundaður hefðbundinn búskapur um nokkurt skeið. Jarótjörn hefur verið byggð frá Þjóðveginum, fyrir neðan Tungustapann (mynd 1). Innrennsli í tjörnina kemur frá þrem smáum lækjum í bæjarlandinu. Frárennsli tjarnarinnar rennur eftir skurði, sem er grafinn í mjög gljúpan malarjaróveg og síast því mesta af vatninu niður í jaróveginn og er því mjög lítið rennsli sem fellur í Sælingsdalsá (mynd 2). Sælingsdalsá sameinast Svíndalsá og heitir þá Laxá í Hvammssveit. Laxveiði er stunduð á vatnasvæðinu og á árunum 1982 -1985 veiddust að meðaltali 45 laxar í ánni (Guðni Guðbergsson, 1989). Veiðifélag er starfandi á vatnasvæðinu, Veiðifélag Laxár í Hvammssveit og formaður þess er Halldór Halldórsson, Engihjalla 1, Kópavogi.

UPPBYGGING TJARNAR OG FRÆRENNSLI

Tjörnin er þannig til komin, að rutt hefur verið upp úr grónu landi og þannig myndaðir garðar umhverfis tjörnina að neðanverðu. Að ofanverðu hallar tjörnin upp að landinu og Tungustapanum. Flatarmál tjarnarinnar hefur ekki verið mælt nákvæmlega. Mesta lengd tjarnarinnar er um 140 m og mesta breidd um 120 metrar og er því flatarmál tjarnarinnar um það bil 1.7 hektarar.

Mesta dýpi tjarnarinnar er 2.8 metrar, en að jafnaði er dýpið 1-1.5 metrar. Botnloku hefur verið komið fyrir á mesta dýpi tjarnarinnar. Botnlokan gerir kleift að tæma tjörnina ef þurfa þykir af einhverjum ástæðum.

Innrennsli í tjörnina kemur frá þrem smálækjum, eins og áður segir. Vatnsmagnið í lækjunum var mælt (vika frá síðustu rigningu) og reyndist rennslið svipað í öllum lækjunum, milli 12-15 l/sek. Í öllum lækjunum rennur yfirborðsvatn og getur rennslið því sveiflast afar mikið eftir veðurfari. Yfir sumartímann getur því vatnsmagnið minnkað mjög mikið og í leysingum vex vatnsmagnið verulega að sögn landeigenda.

Þrír frárennslismúnkar (sjá munk, mynd 4) hafa verið byggðir í garðinn að neðanverðu og rennur allt frárennslið tjarnarinnar gegnum þá. Frá múnkunum hafa verið byggðir stokkar, sem ná 1 metra undir yfirborð tjarnarinnar og þannig komið í veg fyrir að ísrek geti stíflað frárennslið. Í frárennslismúnkana hefur verið komið fyrir járnneti sem hindrar það að fiskur sleppi úr tjörninni.

Til að forðast að frárennslisgeta múnkana verði yfirkeyrð, þegar vatnavextir verða, hefur verið komið fyrir yfirfalli í tvo læki, eftir að þeir hafa verið sameinaðir (mynd 3). Þetta er einnig mikilvægt vegna frárennslis úr tjörninni í Sælingsdalsá, því gert er ráð fyrir að allt frárennsli úr tjörninni síst gegnum drenmöl (malarsía, mynd 3), áður en það renni í ána. Malarsían hefur ekki verið byggð þegar þetta er skrifað, en landeigandi ætlað að koma henni fyrir hið fyrsta. Malarsían verður byggð þannig að rutt verður upp úr skurðinum fyrir ofan þjóðveginn og þar verður komið fyrir drenmöl sem síar allt frárennsli. Þegar fram líða stundir er sennilegt að fiskurinn hrygni í tjörninni og til að hindra að smáseiði sleppi úr tjörninni er malarsían mikilvæg.

NOTKUN TJARNARINNAR

Landeigandi hefur ekki hugsað sér að fóðra fiskinn í tjörninni; heldur láta fiskinn ganga sjálfala. Þá vakna tvær spurningar, sem mikilvægt er að leita svara við:

- Hvaða fisktegund hentar í tjörnina?
- Hvaða magni er æskilegt að sleppa í tjörnina?

Hvað tegundir varðar gæti urriði og bleikja hentað til fiskræktar í tjörninni. Urriði hefur þá kosti að þótt hann vaxi hægar en bleikja, þá verður hann kynþroska við meiri stærð en bleikjan og verður því oft stærri en bleikjan. Viðkoma hans er bundin við hrygningu í straumvatni og því lítil hættu á ofsetningu í tjörninni. Bleikjan getur hrygnt í stöðuvötnum og á það til að fjölga sér of mikið ef hrygningarskilyrði eru hentug (malarbotn). Hins vegar vex bleikjan hraðar við erfiðari skilyrði, einkum fyrstu árin. Ef bleikja fjölgar sér of mikið er einnig möguleiki á að tæma tjörnina og hreinsa úr henni. Báðar þessar tegundir koma því til greina við ræktun tjarnarinnar.

Hvað ásetning varðar í tjörnina er það að segja að það mun taka nokkurn tíma fyrir dýralíf að byggjast upp í tjörninni. Að jafnaði bjóða þó grunnar tjarnir upp á góð framleiðsluskilyrði fyrir fisk. Allur botninn er baðaður í ljósi og getur því öll tjörnin tekið þátt í framleiðslunni. Hins vegar er rétt að fara varlega í byrjun og sleppa t.d. 100-150 fiskum í tjörnina og athuga hvernig þeir hafast við og vaxa. Astand fisksins sýnir best hvernig skilyrðin eru í tjörninni. Ef fiskurinn vex vel er hægt að bæta meiri fiski í tjörnina. Því yrði að fylgjast vel með fiskinum og er mælt með að hann yrði allur merktur með einstaklingsmerkjum í byrjun.

LOG OG REGLUGERÐIR

Eins og starfsemi hefur nú verið lýst, verður hún ekki skilgreind sem fiskeldi, samkvæmt lögum um lax og silungsveiði nr.76/ 1970, en þar er fiskeldi skilgreint sem; geymsla, gæsla og fóðrun laxfiska. Þar sem fiskurinn gengur sjálfala í tjörninni (ekki fóðraður) er því ekki nauðsynlegt að fá leyfi fyrir starfseminni sem slíkri. Hinsvegar flokkast starfsemin sem fiskrækt, samanber lög nr.76/1970 2 mgr. 44 gr., en þar segir meðal annars;

... Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum, flutningur fisks í veiðivatn, ...

Arið 1988 tók í gildi reglugerð nr.401/1988, sem fjallar um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna. Samkvæmt grein 2.2 þessarar reglugerðar, þarf að leita umsagnar veiðimálastjóra þegar ekki er sleppt fiskstofni af viðkomandi vatnasvæði til fiskræktar.

Auk þess stendur í grein 4.5, í ofangreindri reglugerð;


" Öheimilt er að sleppa fiski í ár eða vötn til endurveiða nema notaður sé stofn af viðkomandi vatnasvæði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæði þessu, að fengnu samþykki fisksjúkdómanefndar og viðkomandi veiðifélags".

Því er nauðsynlegt að fá samþykki veiðifélags Laxár í Hvammsveit fyrir flutningi á aðkomufiski á vatnasvæðið. Að fengnu samþykki veiðifélagsins og fisksjúkdómanefndar, auk veiðimálastjóra, er því heimilt að flytja aðkomufisk í lokaða tjörn í landi Gerðis. Í hvert skipti sem aðkomufiski er sleppt í tjörnina er nauðsynlegt að leita samþykkis fisksjúkdómanefndar.

UMSÖGN VEIÐIMALASTOFNUNNAR

Ekki verður annað séð en bygging tjarnarinnar og frágangur sé fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar. Litlar líkur er á að aðfluttur fiskur valdi skaða með stofnablöndun, þar sem tryggilega hefur verið gengið frá því að fiskur sleppi ekki úr tjörninni. Hinsvegar er nauðsynlegt að koma fyrir malarþró í frárennsli tjarnarinnar áður en fiskur er settur í tjörnina vegna hættu á að litil seiði geti sloppið niður í vatnakerfi Laxár. Til að hindra að aðfluttur fiskur beri sjúkdóma í vatnakerfi Laxár í Hvammsveit, er nauðsynlegt að leita samþykkis fisksjúkdómanefnar fyrir flutningi á fiski í tjörnina.

Mynd 1. Yfirlitsmynd af silungsveiðitjörn. Séð inn
Sælingsdal.



Mynd 2. Frárennslisskurður.

A: séð inn Sælingsdal

B: séð frá þjóðvegi niður að Sælingsdalsá


A




B



Mynd 3. Afstöðumynd af silungsveiðitjörn. Myndin er ekki í réttum hlutföllum við umhverfið.



Mynd 4. Frárennslismúnkur. Innrennslisstokkur frá tjörn er ekki sýndur.



HEIMILD

Guðni Guðbergsson, 1989. Laxveiðin 1988. VMST-R/89019